

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grindavíkurbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 13. desember 2006 samþykkt deiliskipulag Norðursvæðis, norðan Hópsbrautar, 2. hluti, í Grindavík.

Skipulagssvæðið afmarkast af opnu svæði að vestan og austan, Hópsbraut að sunnan og væntanlegum Suðurstrandarvegi að norðan. Í deiliskipulaginu felst m.a. afmörkun lóða fyrir 31 einbýlishús við Efrahóp á einni og tveim hæðum.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 8. janúar 2007,

Pétur Bragason bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2007